

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir alþingismaður:

Verkalýðshreyfing- ingin hefur brugð- ist konum

Við verðum að gera lokatilraun til að breyta verkalýðshreyfingunni þannig að hún nýtist konum, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þingmaður Kvinnalistas. Hreyfingin hefur brugðist konum að mati Ingibjargar Sólrúnar. „Samt sem áður er hún það skásta sem við höfum og þess vegna verðum við að gera lokatilraun til að breyta henni.“

Ingibjörg segir að það verði að breyta mörgu til þess að verkalýðshreyfingin nýtist konum betur. „Verkalýðshreyfingin í dag er skipulögð af körlum og vinnubrögð hennar og forgangsverkefni eru mótuð af hefð karla. Samningatæknin er tækni karla og ályktanir um félagsmál, t.d. dagvistunarmál, sem brenna hvað mest á konum eru ekki virtar. Við verðum að breyta þessu þannig að forystumenn í verkalýðsfélögunum hlusti á konurnar sem þeir vinna fyrir,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þingmaður Kvinnalistas.

—GK



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
alþingismaður.

Táminn 9.11.1993